



Komið þið sæl.

Eftirfarandi bréf sendum við inn til ykkar þann 18 ágúst 2022.

Við í íbúasamtökum Stöðvarfjarðar óskum eftir því að þið hafið nokkra hluti í huga við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Þetta eru atriði sem hafa verið vanrækt um þó nokkurn tíma og teljum við mikilvægt að verði ráðist í þessi verkefni sem fyrst. Það er enginn að krefjast þess að það verði farið í þetta allt á næsta ári, en við teljum hinsvegar að þetta séu allt hlutir sem þurfi að gerast á næstu 2-3 árum.

1. Klára gangstétt við Fjarðabraud, frá Einarssstaða á ytri að ytri bæjarmörkum. Sem dæmi á fólk með barnavagna mjög erfitt með að komast leiðar sinnar eftir gangstéttinni og neyðist til þess að vera útá götunni sjálfrí sem er óboðlegt þar sem þetta er þjóðvegur 1 og umferðin eftir því.
2. Gangstéttir almennt. Það má huga að því að laga aðrar gangstéttir í þorpinu, hvort sem þær verða malbikaðar eða ekki þá væri gott að laga þær, efnisskipta í þeim og móta þær betur.
3. Klæðning á Sævarenda. Það væri gott ef það væri hægt að fá klæðningarhópinn til að setja klæðningu á Sævarendann til að losna við malarveginn og allt sem fylgir honum, holur, ryk og fleira. Óþarfi er að eyða miklum kostnaði við malbikun á þessari götu þar sem þetta er fáfarin gata, það er eitt íbúðarhúsnæði í henni, en það er hinsvegar mikið ónæði af ryki því steinasafnið er þarna rétt hjá.
BÚIÐ.
4. Klæðning á planið við Brekkuna ásamt götunni sem liggur niður með Brekkunni, Bankastræti. Nú er komið mjög flott svæði við Brekkuna með blómabeðum og bekkjum, sem við viljum hrósa Fjarðabyggð fyrir en það nýtist illa þar sem planið/bílastæðið við þetta svæði er alveg ómögulegt. Þegar rignir þá er ekkert nema for þarna og þegar það er sól og þurr er gríðarlegt ryk á svæðinu. Hægt væri að skoða að fá Orku Náttúrunnar með sér í lið við að klæða þetta svæði þar sem þeir eru með rafhleðslustöð þarna við.
5. Balaborg. Þar þarf að stækka bílastæðið fyrir framan. Bílastæðið í dag dugir engan veginn fyrir þá notkun sem í gangi þar núna. Á Stöðvarfirði eru margir eldri borgarar og eru þeir mjög virkir í eldriborgaraféluginu. Það er óboðlegt að



þeir þurfi að leggja meðfram Skólabrautinni og ganga eftir henni á veturna sérstaklega þar sem erfiðlega gengur að ryðja götuna þegar fólkið leggur eftir götunni.

6. Göngustígar. Það mætti huga að því að malbika þessa fáu göngustíga sem eru hér innanbæjar. Við það að fá malbik á þá verður mikið auðveldara að halda þeim auðum á veturna og hjólastólar/barnavagnar komast mikið frekar um þá. Stígarnir sem um ræðir eru, stígur upp með samkomuhúsinu, stígur niður með íþróttahúsinu og svo stígur frá skólanum yfir í Leynimel.

Það er búið að framkvæma eitt verk á þessum lista. Sem er vel, en betur má ef duga skal og allt það. Við viljum lýsa yfir miklum vonbrigðum með að það sé ekki búið að klára gangstéttirnar á Fjarðarbrautinni. Þetta er eini vegurinn innanbæjar í Fjarðabyggð sem er þjóðvegur og mögulega einn umferðamesti vegurinn innanbæjar ásamt því að allir þungaflutningar fara um Fjarðarbraut. Og það má segja að það sé skammarlegt að það hafi verið malbikaðir stígar í Fjarðabyggð sem liggja ekki meðfram götum á meðan þetta hefur setið á hakanum.

Við hvetjum ykkur til þess að hafa þessi mál í forgangi við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Takk fyrir.

Stjórn íbúasamtaka Stöðvarfjarðar.

Bjarni Stefán Vilhjálmsson.

Friðrik Júlíus Jósefsson

Bryngeir Ágúst Margeirsson

Eyþór Ármann Jónasson

Margeir Þór Margeirsson.